

HAFNARFJARÐARBÆR  
BYGGINGAFULLTRÚI

Sp. byggingsáætlun 7/12'89.  
Samþ. í bæjarráði 19/12'89  
Bæjarstjórn 19/12'89

Hafnarfirði 5-12-'89

VARÐAR: HÚSVARÐARÍBÚÐIR Í ATVINNUHÚSNÆÐI-TILLAGA

Að beiðni bygginganefndar fer hér á eftir tillaga byggingafulltrúa og bæjarverkfræðings að skilmálum fyrir íbúðir í atvinnuhúsnæði.

Í atvinnuhúsnæði stærri en 1000 m<sup>2</sup> er heimilt að innrétta 1. húsvarðaríbúð og skal stærð hennar vera hámark 70 m<sup>2</sup> brúttó.

Aðkoma að íbúðum skal vera greið og má ekki vera um athafnasvæði tengt atvinnustarfsemi, þá skal séð fyrir greiðri aðkomu sjúkrabíla að inn-gangi.


Íbúðir skulu snúa vel við sólu s.b.r. ákv. byggingarreglugerðar og skal fylgja þeim a.m.k. 4 m<sup>2</sup> svalir.

Íbúðir má ekki innrétta á 1. hæð húsa. Sérstök sorpgeymsla fyrir húsa-sorp skal vera í eða við húsið.


Að öðru leyti vísast til byggingarreglugerðar útg. ágúst 1989.

Óheimilt er að selja eða framselja húsvarðaríbúð sérstaklega frá eign-inni, þinglýsa skal ákvæði þessu á eignina.

Ekki verður innheimt viðbótargatnagerðargjald af þeim hlutum atvinnuhús-næðis sem breytt er í húsvarðaríbúð.

  
Erlendur Hjálmarsson

\_\_\_\_\_  
Björn Árnason

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	13.5.2009
Málsnr:	0905095
Bréfal:	521